

Nd.

583. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Efni þessa frv. má skipta í tvo meginþætti:

1. Einkaréttur mjólkursamsölu og mjólkurbúa til smásöludreifingar á mjólk og mjólkurvörum er afnuminn og er nú afmarkaður við heildsölustigið.
2. Þau nýmæli eru í frv. að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli talið til dreifingarkostnaðar og að við ákvörðun verðjöfnunargjalds skuli heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mjólkurbúa.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir, sem skipum minni hluta nefndarinnar, erum samþykkir þeim efnisþætti frv., að tímabært sé að afnema einkarétt mjólkursamsölu og mjólkurbúa til smásölu á mjólk og mjólkurvörum. Öll þróun mála hefur hnigið í þá átt og segja má að þessi skipan sé þegar á komin þar sem meiri hluti neyslumjólkur í Reykjavík er nú seldur úr almennum matvörubúðum. Hins vegar höfum við haft uppi nokkrar athugasemdir um framkvæmd málsins. Við teljum að þurft hefði að tryggja atvinnuöryggi þeirra 160—170 kvenna sem nú starfa í mjólkurbúðum í Reykjavík. Þá teljum við verulega hættu á því, að sum bæjarhverfin í Reykjavík — einkum í gamla bænum — verði afskipt um þjónustu þegar Mjólkursamsalan hefur lagt niður sínar búðir. Í þessum hverfum býr einkum aldrafólk, sem ekki hefur aðstöðu til að sækja stórmarkaði. Við höfum einnig lagt áherslu á þau ummæli, sem fram koma í umsögn borgarlæknisins í Reykjavík, að hætta væri á að veruleg afturför ætti sér stað varðandi geymslu og hreinlætisaðstöðu á útsölustöðum mjólkur og mjólkurafurða ef búðir Mjólkursamsölunnar verða lagðar niður, en þær hafa flestar verið til fyrirmyndar á þessu sviði.

En þrátt fyrir þær athugasemdir, sem við gerum um framkvæmd málsins, hefðum við staðið að afgreiðslu þessa efnisþáttar frv. með meiri hlutanum, ef ekki væru þær veigamiklu breytingar á frv., sem felast í öðrum efnisþætti þess. Í nefndinni var boðið samkomulag um afgreiðslu málsins ef annar efnisþáttur frv. væri felldur niður, en því hafnaði meiri hlutinn.

Eins og að framan segir, eru þau nýmæli í frumvarpinu að verðjöfnunargjald af öllum búvörum skuli talið til dreifingarkostnaðar og að við ákvörðun verðjöfnunargjalds skuli heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mjólkurbúa. Þessari veigamiklu breytingu á lögnum erum við andvígir og teljum að hún geti haft stórfelld áhrif til hækkunar á verði allrar búvöru til neytenda.

Í þessu sambandi viljum við minna á að nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á verðmyndunarkerfi landbúnaðarvара og hefur verkalýðshreyfingunni verið boðið að eiga fulltrúa við þá endurskoðun. Alþýðusambandið hefur þegar tilnefnt sinn fulltrúa í nefndina. Það er áreiðanlega áhugamál neytenda að það kerfi, sem ræður verðmyndun landbúnaðarvара, verði endurskoðað, og þegar sú endurskoðun stendur fyrir dyrum verður það að teljast bein árás á og móðgun við neytendur og verkalýðshreyfinguna sérstaklega, ef knýja á í gegn þá breytingu á lögnum að telja verðjöfnunargjald og fjármagnskostnað vinnslustöðva skilyrðislaust til dreifingarkostnaðar. Af ókunnum ástæðum hefur sú endurskoðunarnefnd, sem hér um ræðir, ekki enn verið kölluð til starfa. Var það kannske ætlunin að knýja fyrst fram þessa breytingu á lögnum og koma þar með í veg fyrir að starf nefndarinnar gæti borið árangur?

Þar sem tilboði okkar um afgreiðslu mjólkurmálsins hefur verið hafnað og við það hefur verið tengt óskýlt mál, sem felur í sér afarkosti fyrir neytendur, þá leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1976.

Eðvarð Sigurðsson,  
frsm.

Benedikt Gröndal.